

Alþingi
Erindi nr. P 125/2137
komudagur 11.5.2000

Ísafirði, 11. maí 2000. UMS/óhk

Nefndasvið
Alþingis,
150 Reykjavík.

Umsögn um lagafrumvörp

Vísað er til bréfs 13. apríl 2000 vegna umsagna um 567. mál, frumvarp til laga um rannsókn sjóslysa og 568. mál, siglingalög (sjópróf).

Umsögn þessi er veitt fyrir hönd Sýslumannafélags Íslands. Um fyrra málið er fátt að segja annað en það að sú tilhögun er þar kemur fram horfir til bóta. Þó skal tekið fram um 2. málsg. 8. gr. að lögreglurannsókn er 66. gr. laga nr. 19/1991 og þjónar tilgangi sem fram kemur í 67. gr. laganna. Ljóst verður að hún hlýtur að ganga fyrir rannsóknum rannsóknarnefndar sjóslysa. Rannsóknir hennar og skýrslutökur þjóna öðrum tilgangi, að komast fyrir orsakir í því skyni að koma megi í veg fyrir slys framvegis.

Ekkert má því tefja eða koma í veg fyrir rannsókn lögreglu.

Varðandi síðara málið er rétt að vekja athygli á því, að sjópróf, samkv. 2. gr. frumvarpsins og 220. gr. laga nr. 34/1985 eru á skjön við aðskilnað dómsvalds og framkvæmdavalds.

Eðlilegra verður að teljast að frumrannsókn sjóslysa verði sinnt af lögreglu og dómstólar taki málið fyrir komi til ákæru, einds og gildir um önnur lögbrot. Það er á skjön við aðra starfsemi ákærvalds og lögreglu að dómstólar rannsaki á frumstigi þau atriði sem ætlað er að varpa ljósi á fyrir dómi með sjóprófi. Því væri eðlilegra að fella niður þau atriði er fram koma í 2. gr. og 3. gr. frumvarps til laga um breytingar á siglingalögum nr. 34/1985 með síðari breytingum.

Nægir að vísa til meginsjónarmiða, sem bjuggu að baki lögum nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og IX. kafla laga nr. 19/1991. Þykir rétt að leggjast gegn því að sjóprófi fyrir dómi verði haldið með þeim hætti, er frumvarpið gerir ráð fyrir. Frekar ætti efla lögreglu til rannsókna á þessu sviði. Einnig er bent á 74. gr. og 75. gr. laganna nr. 19/1991 um atbeina dómstóla meðan á lögreglurannsókn stendur og úrskurðarhæfi dómstóla um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu og ákærvalds og ágreining um réttindi sakbornings og málsvara og ósk þeirra um tilteknar rannsóknaraðgerðir. Þykir óheppilegt að dómstólar fari inn á verksvið lögreglu og ákærvalds við frumrannsóknir brota eins og gert er með sjóprófum.

Þess vegna er lagt til að þau verði aflögð í núverandi mynd.

Fyrir hönd
Sýslumannafélags Íslands,
Ólafur Helgi Kjartansson
Sýslumaður á Ísafirði